

## REGLUR

### um björgunar- og öryggisbúnað vöruflutninga- og farþegaskipa.

#### 1. gr.

Ákvæði 3. kafla viðauka við alþjóðasamning um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS) 1974 með þeim breytingum sem gerðar voru á kaflanum 1983, skulu gilda fyrir íslensk vöruflutninga- og farþegaskip 500 brl. að stærð og stærri að öðru leyti en því sem tekið er fram í reglugerð þessari og reglum um björgunar- og öryggisbúnað skipa nr. 325/1985.

#### 2. gr.

Vöruflutningaskip skulu fyrir 1. júlí 1987 búin viðurkenndum björgunarbúningum fyrir alla um borð.

#### 3. gr.

Ákvæði 18. reglu um þjálfun og æfingar og 19. reglu um viðbúnað, viðhald og eftirlit 3. kafla SOLAS, sem vísað er til í 1. gr skulu gilda fyrir öll vöruflutninga- og farþegaskip.

#### 4. gr.

Reglur þessar sem settar eru skv. lögum nr. 52, 12. maí 1970 um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytinu, 5. janúar 1987.*

**Matthías Bjarnason.**

Ragnhildur Hjaltadóttir.

## REGLUGERÐ

### um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

#### 1. gr.

#### **Aðalskoðun.**

Fyrir árlega aðalskoðun á búnaði, vél og bol skips greiði sýslumenn eða bæjarfógetar f. h. Ríkissjóðs, laun sem hér segir til skipaskoðunarmanna, gegn reikningi þeirra:

	kr.
Fyrir skip allt að 8 metrum mestu lengd . . . . .	890
Fyrir skip minni en 25 brl. og báta 8 metrar og lengi . . . . .	1 330
Fyrir skip 25 brl. til 100 brl. . . . .	2 370
Fyrir skip 101 brl. til 250 brl. . . . .	2 960
Fyrir skip 251 brl. til 500 brl. . . . .	3 350
Fyrir skip 501 brl. til 1 600 brl. . . . .	4 440
Fyrir skip 1 601 brl. og stærri . . . . .	5 320

Að auki greiðist skoðunarmönnum útlagður kostnaður, svo sem akstur og síma-kostnaður skv. reikningi.

Pegar skipta þarf launum, skal það gert þannig, að fyrir búnaðarskoðun greiðist  $\frac{1}{3}$  hluti og fyrir vélaskoðun greiðist  $\frac{1}{3}$  hluti og fyrir bolskoðun greiðist  $\frac{1}{3}$  hluti.

Hálf rúmlest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

2. gr.

**Aukaskoðun, eftirlit með nýsmíði o. fl.**

Fyrir aukaskoðun, mælingu skipa, eftirlit með nýsmíði, viðgerðum og breytingum greiðist samkvæmt reikningi skoðunarmanna, sama gildir um ferðakostnað.

Skal greiðslan miðuð við tímakaup fastráðinna skoðunarmanna Siglingamálastofnunar fyrir dag- eða yfirvinnu, eftir því sem við á hverju sinni.

3. gr.

**Vottorð.**

Skoðunarmönnum er heimilt að innheimta kr. 300 hjá þeim sem biður um vottorð vegna endurgreiðslu tolla og eyðingu skips.

4. gr.

**Reikningar.**

Skipaskoðunarmenn skrifi reikninga fyrir störf sín í fjórriti í þar til gerðar bækur sem siglingamálastjóri lætur þeim í té.

Laun samkvæmt 1. gr. skulu sýslumenn eða bæjarfógetar greiða gegn frumriti og einu afriti, en siglingamálastjóra sent annað afrit ásamt skoðunarskýrslu.

Laun samkvæmt 2. og 3. gr. greiðir Siglingamálastofnun ríkisins gegn reikningi skoðunarmanns í tvíriti og skoðunarskýrslu.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 20 30. apríl 1986 um Siglingamálastofnun ríkisins, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1987 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 165 3. apríl 1985 um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

*Samgönguráðuneytinu, 9. janúar 1987.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

**AUGLÝSING**

**um umferð á Ísafirði.**

Að fenginni tillögu bæjarstjórnar Ísafjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er hér með sett eftirfarandi regla um umferð á Ísafirði:

Bífreiðastöður eru bannaðar beggja vegna Austurvegar frá Norðurvegi að Grundargötu alla virka daga nema laugardaga á tímabilinu frá kl. 08.00 til kl. 16.00.

*Lögreglustjórnin á Ísafirði, 9. janúar 1987.*

**Pétur Kr. Hafstein.**